



VETRARÞJÓNUSTA Í REYKJAVÍK

Skýrsla stýrihóps um endurskoðun á vetrarþjónustu - tillögur

15.03.2023



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

100772-SKY-001-V03

SÍÐUFJÖLDI

34

VERKEFNISSTJÓRI HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Hjalti Jóhannes Guðmundsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Daði Baldur Ottósson

LYKILORÐ

Vetrarþjónusta, snjóhreinsun, hálkuvarnir

STAÐA SKÝRSLU

- Drög
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Vetrarþjónusta í Reykjavík

VERKHEITI

Skýrsla stýrihóps um endurskoðun á vetrarþjónustu – tillögur

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

HÖFUNDUR

Daði Baldur Ottósson

ÁGRIP

Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar er í sífelldri endurskoðun og þróun. Umhleypingar í veðri, frost og þýða, einkenna oftast en ekki veturna á höfuðborgarsvæðinu. Hálfuvarnir gatna og stíga eru í því samhengi mjög mikilvægar og ganga að jafnaði vel og án vandkvæða hjá vetrarþjónustu borgarinnar. Í venjulegu árferði gengur snjóhreinsun einnig vel. Aftur á móti þá kom í ljós síðasta vetur (árið 2022), sem var jafnframt einn sá snjóþyngsti frá aldamótum, að núverandi verklag og tækjakostur ræður illa við þegar það snjóar verulega mikið og/eða þegar það snjóar samfelld í marga daga og vikur líkt og það gerði þennan tiltekna vetur.

Á Íslandi eru stormar tíðir og hugsanlega geta loftslagsbreytingar kallað oftast á öfuga í veðri sem getur leitt til þess að við sjáum oftast sambærilegt tíðarfar og veturnar 2022. Þar af leiðandi er mikilvægt að vetrarþjónusta borgarinnar geti brugðist við með eins skilvirkum hætti og auðið er. Í hnotskurn felst vandi vetrarþjónustunnar í því að þjónustustig snjóhreinsunar sem unnið er eftir samkvæmt þjónustuhandbók vetrarþjónustunnar tekur ekki mið af magni snjókomunnar og/eða óveðri. Þessir þættir geta haft mikil áhrif á framvindu vetrarþjónustunnar en ekki liggur fyrir hver er ásættanlegur viðbragðs- og hreinsunartími. Við þessar aðstæður hafa einnig komið í ljós aðrar áskoranir eins og vandamál í tengslum við útkall vertaka, þrengsli gatna, skipulag á snjókomstri, aðgengi að losunarstöðum ásamt því hvernig upplýsa eigi almenning um þjónustustig og hreinsunartíma hverju sinni.

Fljótlega eftir síðasta vetur var því farið af stað með vinnu á endurskoðun vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar. Í þessari vinnu var bæði átt samráð við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina en jafnframt var rýnt í fyrirkomulag á vetrarþjónustu borgarinnar. Eftir yfirferð á fyrirkomulagi vetrarþjónustunnar voru skilgreind nokkur verkefni sem brýnt væri að ráðast í. Sum verkefni voru þess eðlis að þau stuðluðu að aukinni skilvirkni og hagkvæmni og gátu komið strax til innleiðingar síðast liðið haust (sjá yfirlit í kafla 3.8.1). Önnur verkefni kröfðust frekari skoðunar þar sem þau voru talin þess eðlis að mikilvægt væri að ná samstöðu um, ásamt því að verkefni gætu kallað á kostnaðarauka fyrir borgina. Sú endurskoðun var sett í hendur stýrihóps og má sjá afrakstur þeirrar vinnu í þessari skýrslu. Stýrihópurinn leggur fram 16 tillögur og um 40 aðgerðir til að efla vetrarþjónustu borgarinnar, sem ná allt frá því að auka þjónustustig húsgatna og biðstöðva almenningsgangna í snjóhreinsun yfir í að bæta upplýsingaflæði og innleiða markvissan óveðursviðbúnað.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	5
1 INNGANGUR	7
2 SAMANTEKT – HELSTU TILLÖGUR	8
3 FYRIRKOMULAG VETRARÞJÓNUSTU REYKJAVÍKURBORGAR Í DAG	9
3.1 Almennt	9
3.2 Vetrarþjónusta á götum	10
3.3 Vetrarþjónusta á göngu- og hjólaleiðum	11
3.4 Bifreiðastæði	12
3.5 Biðstöðvar almenningsamngna	13
3.6 Kostnaður	13
3.7 Þjónustuhandbók Vetrarþjónustu	14
3.8 Endurskoðun vetrarþjónustu	14
3.8.1 Nýlegar endurbætur á vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar	14
3.8.2 Samráð við sveitarfélög að höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina	15
4 ENDRBÆTT FYRIRKOMULAG Á VETRARÞJÓNUSTU BORGARINNAR – NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR	16
4.1 Tillögur að aðgerðum	16
4.1.1 Hækka þjónustustig húsagatna við snjóhreinsun	16
4.1.2 Bæta snjóhreinsun gönguleiða, stoppistöðva og rútustæða í miðborg	17
4.1.3 Skilgreina verklag í tengslum við klakamyndun á hituðum götum	18
4.1.4 Finna lausn á vetrarþjónustu gönguleiða í Vesturbæ og Þingholtunum	18
4.1.5 Endurskoða verklag í tengslum við snjómokstur	19
4.1.6 Þjónustustig taki mið af magni snjókomu	20
4.1.7 Stuðla að því væntingar séu í takti við það þjónustustig sem unnið er eftir	21
4.1.8 Innleiða markvissan óveðursviðbúnað í vetrarþjónustu	22
4.1.9 Bæta verklag við snjóhreinsun í samstarfi við þá verktaka sem henni sinna	22
4.1.10 Efla samstarf við sveitarfélög og Vegagerðina	23
4.1.11 Efla eftirlit í vetrarþjónustu	23
4.1.12 Nota tæknina til hins ýtrasta til að stuðla að bættri upplýsingagjöf og mæla árangur	24
4.1.13 Endurskoðun á útboðssamningum	25
4.1.14 Rýni vetrarþjónustu í nýju skipulagi og við endurhönnun gatna	25
4.1.15 Bæta móttöku og svörun ábendinga	26
4.1.16 Skoða fýsileika á forvirkum aðgerðum til að koma í veg fyrir snjósöfnun	27
4.2 Endurskoðuð þjónustuhandbók	27
5 HEIMILDASKRÁ	28
VIÐAUKI A DRÖG AÐ BREYTINGU ÞJÓNUSTUSTIGS FYRIR VETRARÞJÓNUSTU REYKJAVÍKURBORGAR	29
VIÐAUKI B YFIRLIT AÐGERÐA – TÍMI INNLEIÐINGAR OG KOSTNAÐARMAT	30
VIÐAUKI C ERINDISBRÉF STÝRIHÓPS	33

1 INNGANGUR

Þann 13. september 2022 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð erindisbréf stýrihóps um endurskoðun vetrarþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Sjá má erindisbréf í viðauka C.

Hlutverk stýrihópsins var samkvæmt erindisbréfi, að yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu og greina hvar þörf er á breytingum til að stuðla að skilvirkari þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Hópurinn fari yfir þjónustumarkmið og þjónustustig og geri tillögu að því hvernig forgangi skuli háttað svo samgöngur gangi eins vel fyrir sig og raunhæft er í mismunandi aðstæðum.

Stýrihópnum var falið að vinna tillögu um fyrirkomulag vetrarþjónustu.

Stýrihópurinn skipaðu: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Kolbrún Baldursdóttir.

Starfsmenn stýrihóps voru: Hjalti Jóhannes Guðmundsson, Björn Ingvarsson og Hafsteinn Viktorsson.

Með hópnum starfaði Daði Baldur Ottósson, ráðgjafi hjá EFLU verkfræðistofu.

Stýrihópurinn starfaði á tímabilinu 19. október 2022 til 1. febrúar 2023. Hópurinn hélt alls 10 fundi.

Um vinnu hópsins:

Verkefni stýrihópsins fólst í því að:

- Yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu
- Gera tillögu að breytingum með skilvirka þjónustu og hagkvæmni að leiðarljósi
- Gera tillögu að forgangsröðun vetrarþjónustu

Hópurinn fór yfir umfang og fyrirkomulag vetrarþjónustu hjá Reykjavíkurborg, í því fólst m.a. að fara yfir núverandi fyrirkomulag og reynslu við snjóhreinsun, yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu, eiga samtöl við starfsmenn sem sinna stýringu vetrarþjónustu og viðtöl við starfsmenn sem hafa mikla reynslu við snjóhreinsun gatna og stíga í Reykjavík. Eins voru skoðuð dæmi um vetrarþjónustu hjá sveitarfélögum erlendis. Gögn úr ferilvöktun snjóhreinsunartækja voru einnig skoðuð. Meðan vinnan stóð yfir, var vetrarþjónusta borgarinnar ýmist að hálkverja eða standa að snjóhreinsun og -mokstri. Gafst hópnum þar af leiðandi tækifæri á að rýna í vetrarþjónustu á þessu tímabili. Tillögur stýrihóps byggja á þessari vinnu og eru lagðar fram sem skammtíma- og langtíma aðgerðir.

2 SAMANTEKT – HELSTU TILLÖGUR

Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar felst í hálkueyðingu og snjóhreinsun gatnakerfis og göngu- og hjólaleiða borgarinnar til öryggis fyrir hinn almenna vegfarenda. Í þjónustuhandbók vetrarþjónustu er gatna- og stígakerfinu skipt niður í þjónustuflokka með tilliti til umfangs þeirrar þjónustu sem veitt er. Fyrir hvern flokk er skilgreint þjónustumarkmið og þjónustustig.

Tillögur hópsins að bættri vetrarþjónustu fela í sér endurskoðað fyrirkomulag vetrarþjónustunnar og annarra þátta með það að markmiði að efla vetrarþjónustuna, gera hana skilvirkari miðað við aðstæður hverju sinni og jafnframt mæta betur væntingum borgarbúa með bættri þjónustu og miðlun upplýsinga.

Stýrihópur um endurskoðun vetrarþjónustu leggur til eftirfarandi tillögur til að bæta vetrarþjónustu borgarinnar. Tillögunum fylgir aðgerðarlisti með samtals um 40 aðgerðum sem fjallað er nánar um í kafla 4. Miðað er við að flestar aðgerðirnar verði komnar til innleiðingar fyrir næsta vetur (2023-2024).

- Hækka þjónustustig húsagatna við snjóhreinsun
- Bæta snjóhreinsun gönguleiða, stoppistöðva og rútustæða í miðborg
- Skilgreina verklag í tengslum við klakamyndun á hituðum götum
- Finna lausn á vetrarþjónustu gönguleiða í Vesturbæ og Þingholtunum
- Endurskoða verklag í tengslum við snjómokstur
- Þjónustustig taki mið af magni snjókomu
- Stuðla að því væntingar séu í takti við það þjónustustig sem unnið er eftir
- Innleiða markvissan óveðursviðbúnað í vetrarþjónustu
- Bæta verklag við snjóhreinsun í samstarfi við þá verktaka sem henni sinna
- Efla samstarf við sveitarfélög og Vegagerðina
- Efla eftirlit í vetrarþjónustu
- Nota tæknina til hins ýtrasta til að stuðla að bættri upplýsingagjöf og mæla árangur
- Endurskoðun á útboðssamningum
- Rýni á vetrarþjónustu í nýju skipulagi og við endurhönnun gatna
- Bæta móttöku og svörun ábendinga
- Skoða fýsileika á forvirkum aðgerðum til að koma í veg fyrir snjósöfnun

Í viðauka B má finna áætlun á kostnaðarmati þessara tillaga og hvenær þær koma til framkvæmda. Sumar aðgerðirnar eru þess fólgnar að þær geta stuðlað að sparnaði - fært verður betra mat á slíkan ávinning við framkvæmd þeirra.

3 FYRIRKOMULAG VETRARÞJÓNUSTU REYKJAVÍKURBORGAR Í DAG

3.1 Almennt

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita skilvirka og hagkvæma vetrarþjónustu, sem felst í hálkueyðingu og snjóhreinsun gatnakerfis og göngu- og hjólaleiða borgarinnar til öryggis fyrir hinn almenna vegfaranda.

Umhverfis- og skipulagssvið er ábyrgt fyrir því að sinna vetrarþjónustu borgarinnar. Meiri hluti vetrarþjónustunnar er framkvæmd af verktökum.

Í grófum dráttum má skipta verkefnum Reykjavíkurborgar við snjóhreinsun og hálkueyðingu í eftirfarandi þætti:

- Gatnakerfið
- Göngu- og hjólaleiðir
- Stofnanalóðir
- Biðstöðvar almenningssamgangna

Við bætast svo ótal sérverkefni þar sem oftast er ekki verið að bregðast við ábendingum frá borgarbúum.

Vetrarþjónustan stendur almennt yfir í 20 vikur yfir veturinn, frá viku 46 (15. nóvember) til og með viku 13 (1. apríl). Gatna- og stígakerfinu er skipt niður í þjónustuflokka með tilliti til umfangs þeirrar þjónustu sem veitt er. Fyrir hvern flokk er skilgreint þjónustumarkmið og þjónustustig. Þjónustulýsingin fyrir hvern flokk á við venjulegar vetraraðstæður en ekki við þær aðstæður sem skapast þegar óveður gengur yfir þar sem ekki er hægt að halda götum snjó- og hálkulausum á meðan. Við slíkar aðstæður miðast þjónustan við að halda helstu stofnbrautum og strætisvagnaleiðum opnum ásamt aðgengi að sjúkrahúsum.


Vetrarþjónusta fellur undir skrifstofu borgarlandsins, og er stýrt af einingastjóra vetrarþjónustu. Veður er vaktað allan sólarhringinn og brugðist við eftir þörfum. Útköll og undirbúningur starfsfólks og verktaka ásamt aðgerðum hverju sinni byggja á mati veðurfræðings og eftirliti.

3.2 Vetrarþjónusta á götum

Vetrarþjónusta á götum er skipt í fjóra þjónustuflokka:

- Þjónustuflokkur 1: Helstu stofnbrautir, mikilvægar tengigötur vegna neyðarþjónustu, fjölfarnar safngötur og strætisvagnaleiðir.
- Þjónustuflokkur 2: Aðrar safngötur og aðkoma að leik- og grunnskólum.
- Þjónustuflokkur 3: Húsagötur.
- Þjónustuflokkur 4: Götur sem hitaðar eru með affallsvatni og innspýtingu.

Kort sem sýnir þessa skiptingu má sjá á mynd 1 og áætlaðar ruðningsleiðir (í km.) má sjá í töflu 1. Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík er boðin út og skipt í þrjú útboðssvæði. Fjöldi snjómoksturstækja sem að jafnaði sinna vetrarþjónustu gatna í þjónustuflokki 1 og 2 eru níu talsins, en fjöldi tækja eru að hámarki 26 talsins sem sinna þjónustuflokki 3 (húsagötum).



MYND 1 Yfirlit yfir þjónustuflokka (forgangsröðun) gatna í Reykjavík. Gatnakerfi Reykjavíkurborgar er skipt í fjóra þjónustuflokka. Hluti gatna í þjónustuflokki 1 er í vetrarþjónustu Vegagerðarinnar (sjá brota línur á korti).


TAFLA 1 Samantekt á ruðningsleiðum fyrir alla þjónustuflokka gatna í vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar.

GÖTUR	RUÐNINGSL. (KM)	HLUTFALL
Þjónustuflokkur 1	377	31%
Þjónustuflokkur 2	172	14%
Þjónustuflokkur 3 – Húsagötur	418	34%
Upphitað	14	1%
Þjóðvegir	249	20%
Samtals:	1.230	100%

TAFLA 2 Samantekt á ruðningsleiðum fyrir alla þjónustuflokkar gatna í vetarþjónustu Reykjavíkurborgar.

STÍGAR	RUÐNINGSL. (KM)	HLUTFALL
Þjónustuflokkur 1a + stígar	82	10%
Þjónustuflokkur 1	226	27%
Þjónustuflokkur 2	166	20%
Þjónustuflokkur 3	116	14%
Þjónustuflokkur 4	227	27%
Upphitað	25	3%
Samtals:	842	100%

Stígakerfi Reykjavíkurborgar hefur stækkað nokkuð hratt undanfarin ár m.a. vegna fleiri aðskildra hjólastíga og nýrra hverfa. Yfirlit yfir þessar breytingar má sjá á mynd 3.



MYND 3 Breytingar sem hafa orðið á stígakerfi borgarinnar undanfarin ár. Ruðningslengdir stíga hafi stækkað um tæplega 100 km frá árinu 2008.

3.4 Bifreiðastæði

Reykjavíkurborg sinnir vetrarþjónustu fyrir fjölmargar stofnanalóðir borgarinnar og má þar nefna leikskólar, grunnskólar, íþróttamannvirki og ýmsar aðrar stofnanir. Aðgengi að ýmsum byggingum á vegum Velferðarsviðs, s.s. hjúkrunarheimili, falla líka undir vetrarþjónustu borgarinnar en það er fyrst og fremst til að tryggja greiða aðkomu neyðarbíla og akstursþjónustu. Markmið vetrarþjónustu um stofnanalóðir er að halda bifreiðastæðum borgarinnar í nothæfu ástandi innan opnunartíma þeirra stofnana og fyrirtækja sem þau þjóna. Þar með er yfirlétt staðið að snjómokstri fyrir opnunartíma.

Vetrarþjónusta stofnanalóða er tvískipt. Hálkueyðing er sinnt af borgarstarfsmönnum en snjóhreinsun er boðin út og skipt í fjögur útboðssvæði. Fjöldi tækja sem sinna snjóhreinsun fyrir stofnanalóðir borgarinnar eru að lágmarki 11 talsins.

Helstu magntölur (fermetrar bílastæða hjá stofnanalóðum) má finna í töflu 3 á næstu síðu.

TAFLA 3 Stærðir bílastæða í vetrarþjónustu hjá stofnanalóðum Reykjavíkurborgar.


TEGUND STOFNUNNAR	SAMTALS
Leikskóli	41.412 m ²
Grunnskóli	79.520 m ²
Bílastæðasjóður	4.793 m ²
Íþróttamannvirki	40.673 m ²
Aðrar stofnanir	11.436 m ²
Velferðarsvið	10.409 m ²

3.5 Biðstöðvar almenningsgangna

Samkvæmt þjónustuhandbók skal leitast við að halda biðstöðvum almenningsgangna hreinum og hálklausum á sama tímabili og bílastæði stofnanalóða. Hreinsað er fyrir framan strætósýli og svæðið hálkvarið þegar búið er að hreinsa bílastæði við stofnanalóðir. Horft hefur verið til þess að hreinsa biðstöðvar á eftir götum svo ekki safnist snjóruðningar fyrir á biðstöðvum eftir að hreinsum fer fram. Fjöldi biðstöðva eru yfir 500 talsins í Reykjavík og þar af eru um 130 biðstöðvar með sérstakan vasa fyrir strætisvagna.

3.6 Kostnaður

Heildarkostnaður við vetrarþjónustu hefur verið á bilinu 600–950 millj. kr. síðustu tíu ár. Veturinn 2022 var þó undantekning frá þessu og var nærri 1.200 millj. kr.



MYND 4 Raunkostnaður við vetrarþjónustu frá 2011 til 2022. Kostnaðurinn er reiknaður á meðalverðlagi ársins 2022.

3.7 Þjónustuhandbók Vetrarþjónustu

Í töflu 4 má sjá yfirlit þjónustuflokka vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar í samræmi við lýsinguna í köflunum hér að framan.

Þjónustutími um helgar, milli kl. 23:00 og 04:00, fer eftir þjónustutíma Strætó bs. og getur því tekið breytingum. Á þeim tíma er eingöngu um að ræða þjónustu á leiðum sem næturvagnar aka.

TAFLA 4 Yfirlit yfir þjónustuflokka vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar.

ÞJÓNUSTU- FLOKKUR	ÞJÓNUSTUTÍMI		VIÐBRAGÐS TÍMI (KLST)	HREINSUNAR TÍMI (KLST)	MINNSTA SNJÓDÝPT (CM)	MESTA SNJÓDÝPT (CM)
	virkir dagar	helgar				
Götur						
1	04-23	04-04	0,5	2	2	5
2	04-23	04-23	0,5	3	5	10
3	08-18		1			15
4	Hitaðar götur					
Göngu- og hjólaleiðir						
1a	04-17		0,5	3	1	5
1	04-17		0,5	4	3	10
2	07-17		1	5	5	15
3	Unnið ef þjónustuflokkar 1 og 2 eru í lagi					
4	Stígar ekki í reglubundinni þjónustu					
5	Hitaðir stígar					
Bílastæði og strætóskýli						
	04-17					

3.8 Endurskoðun vetrarþjónustu

3.8.1 Nýlegar endurbætur á vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar

Hér má finna yfirlit yfir nýleg umbótaverkefni hjá vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar.

- *Stofnanalóðir í Reykjavík.* Ekki hefur verið notast við sama verklag í austur og vesturhluta borgarinnar. Í austurhluta hafa starfsmenn hverfastöðvarinnar séð um hálkueyðingu meðan snjóhreinsun hefur verið í verktöku. Í vesturhluta hefur hvoru tveggja verið í verktöku. Til að samræma verklag var ákveðið að hálkueyðing stofnanalóða yrði framkvæmd eins alls staðar í borginni, þ.e. af hverfastöðvunum á meðan snjóhreinsun verður boðin út. Þessar breytingar voru framkvæmdar síðasta haust (2022). Snjóhreinsun stofnanalóða var boðin út og voru tilboð samþykkt í ársbyrjun þessa árs (2023).
- *Göngu- og hjólaleiðir í þjónustu um helgar.* Frá 2020 hafa göngu- og hjólaleiðir verið hreinsaðar um helgar en áður var vetrarþjónustu aðeins sinnt á virkum dögum. Mikil þjónustaukning fólst í þessari breytingu. Eftir á að uppfæra þjónustuhandbókina m.t.t. þessara breytinga.
- *Innleiðing miðlægrar vöktunar vetrarþjónustu.* Vöktun vetrarþjónustu spilar mikilvægt hlutverk þar sem hún er ábyrg fyrir því að kalla út verktaka í söltun eða snjóhreinsun. Hverfastöðvarnar hafa hingað til verið með sína eigin vöktun. Ákveðið var að samræma vöktun

vetrarþjónustu til að tryggja samræmd vinnubrögð og auka skilvirkni innan Reykjavíkurborgar. Búið er að standa að innleiðingu á miðlægu vöktuninni og er ábyrgðin á vöktun hjá stjórnanda vetrarþjónustu.

- *Bæta viðbrögð með betri veðurspá.* Að fyrirmynd Vegagerðarinnar, þá var ákveðið að Reykjavíkurborg myndi veturinn 2022-2023 óska eftir daglegum veðurspám fyrir Reykjavíkurborg með það að leiðarljósi að hægt væri að bæta viðbrögð og undirbúning á söltun og snjóhreinsun. Það hefur reynst vel í vetur og stefnt er að halda áfram með fyrirkomulagið.
- *Endurbætt vaktakerfi fyrir dráttavélardeild.* Áreiðanleiki vetrarþjónustu stíga og starfsumhverfi hefur verið bætt með því fara úr bakvaktakerfi í tvískiptar vaktir allt þjónustutímabilið.
- *Miðlun upplýsinga.* Nýlega var stofnuð skrifstofa þjónustu og samskipta hjá umhverfis- og skipulagssviði og í kjölfarið hefur tekið við vinna til að miðla betur upplýsingum um vetrarþjónustu s.s. samræma upplýsingar og halda utan um samskiptaleiðir. Þessi vinna er enn í gangi en afrakstur þessarar vinnu hefur m.a. falist í reglulegum samskiptapóstum til allra forystumanna í borgarstjórn og annarra viðeigandi aðila. Þá eru settar inn upplýsingar um framvindu mála á vefsíðu Reykjavíkurborgar og samskiptamiðla.
- *Hálkueyðing stíga með salti.* Á síðustu árum vetrarþjónustan í auknum mæli notað salt við hálkueyðingu stíga í stað söndunar með góðum árangri. Við þessar breytingar hefur þjónustustig aukist sem endurspeglast bæði í betri hálkuvörnum þ.e. stígar hreinsast betur og klakamyndun er lítil eða engin. Auk þess eru stígarnir hreinni á vorin þar sem ekki þarf að sópa sand af stígnum. Vorsópun mun því taka mun styttri tíma og mætti ætla að ábendingum vegna sands á stígum minnki töluvert og til lengri tíma litið væri mögulega hægt að hagræða í vorhreinsun með minnkandi sandmagni á stígum. Aðgerðin er líka talin minnka svifryk í borginni.

3.8.2 Samráð við sveitarfélög að höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina

Helstu atriði sem komu fram í samráð við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina á síðasta ári voru eftirfarandi:

- Fyrirkomulag vetrarþjónustu er mjög sambærilegt milli sveitarfélaga á þann hátt að þjónustan er að mestu boðin út og unnið er eftir skilgreindum forgangi gatna og stíga.
- Öll sveitarfélög áttu í vandræðum með snjóhreinsun veturinn 2022 og margar kvartanir bárust frá íbúum.
- Vegagerðin og önnur sveitarfélög eru með eftirlitsbifreið á vakt sem ekur eftir stofnvegum.
- Vegagerðin er með samning við veðurfræðing og fær daglega veðurspá fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Mismunandi er hvernig viðverugjald er útfært í útboðssamningum hjá sveitarfélögum.
- Tækifæri eru til þess að:
 - Efla samstarf á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar og deila þekkingu
 - Samræma verklag við vetrarþjónustu
 - Skoða möguleika þess að fara í sameiginleg útboð á stofnstígum
 - Skoða ávinning á því að hafa miðlæga vetrarþjónustuvakt fyrir höfuðborgarsvæðið í heild

4 ENDURBÆTT FYRIRKOMULAG Á VETRARÞJÓNUSTU BORGARINNAR – NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Með það að leiðarljósi að endurbæta núverandi fyrirkomulag um vetrarþjónustu, auka upplýsingaflæði og styðja við markmið borgarinnar, leggur stýrihópurinn til tillögur að aðgerðum og úrbótum sem endurspeglast í endurskoðaðri þjónustuhandbók vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar.

Stýrihópurinn telur að eftirfarandi aðgerðir séu í því fólgnar að efla vetrarþjónustu í Reykjavík og mæta betur væntingum íbúa og atvinnurekenda. Aðgerðirnar miðast að því að þær verði komnar til innleiðingar fyrir næsta vetur (2023-2024) nema annað sé tilgreint sérstaklega.

4.1 Tillögur að aðgerðum

4.1.1 Hækka þjónustustig húsagatna við snjóhreinsun

Í dag er þjónustumarkmið húsagatna skilgreint á þann hátt að götur skulu snjóhreinsaðar þegar snjódýpt er meiri en 15 cm og miðast snjóhreinsun við að gera viðkomandi götur akfærar. Ekki er skilgreint hvenær hreinsun húsagatna skal lokið en að jafnaði tekur það þrjá til fimm daga. Núgildandi útboðssamningar enda eftir þennan vetur og því er tækifæri í ár endurskoða útboðssamninga og fyrirkomulag með ofangreint í huga og bjóða út nýja samninga fyrir næsta vetur.

Aðgerðir

4.1.1.1 Lagt er til að þjónustustig húsagatna verði hækkað á þann veg að byrjað verði að hreinsa götur við 10 cm í stað 15 cm snjódýpt.

Erfitt er að leggja mat á kostnaðarauka sem felst í því að hækka þjónustustig frá 15 cm í 10 cm snjódýpt þar sem áætlað er að kostnaður sparist á móti í að þurfa fjarlægja klaka.

4.1.1.2 Lagt er til að fjölga tækjum sem sinna snjóhreinsun húsagatna þannig að hægt sé að klára hreinsun að jafnaði innan 48 klst. (2 sólarhringar) eftir að snjókomu lýkur (allt að 15 cm jafnfallinn snjór). Um 25 tæki sinna hreinsun húsagatna í dag og er gert ráð fyrir að það þurfi viðbótartæki og kröfur um aukna viðveru manna og tækja til að ná því markmiði. Við útboð á verkinu verði haft að leiðarljósi að Reykjavíkurborg taki alfarið yfir stjórn þessara tækja og hafi forgang að þeirra vinnu. Kostnaðarauki felst í því að binda fleiri tæki í samninga við borgina til þess að vera til taks. Áætlaður kostnaðarauki vegna aðgerðarinnar er allt að 75 milljónir á ári.

4.1.1.3 (Skammtímaaðgerð) Lagt er til að reynt verði að fjölga tækjum í gegnum útboðssamninga sem gilda út þennan vetur (2023) til að geta stytt hreinsunartíma. Kostnaðarauki vegna hvers viðbótar tækis er áætlaður um 1 milljón.

4.1.1.4 Tilraunaverkefni - Lagt er til að meta árangur þess að hefja snjóhreinsun í húsagötum á sama tíma og farið er í safngötur og aðkomur að skólum (þjónustuflokkur 2). Tilraunaverkefnið yrði bundið af einu snjóhreinsunarstæki í einu hverfi þennan vetur ef tækifæri gefst og veturinn 2023-2024.

4.1.1.5 Tilraunaverkefni - Lagt er til að skoða möguleika og ávinning þess að salta húsgötur fljótlega eftir snjóhreinsun. Það verði gert m.a. með því að salta nokkrar fyrirfram ákveðnar húsgötur þar sem fylgst er með árangri yfir veturinn og útkoman borin saman við aðrar götur í grennd. Ef fyrirkomulagið reynist vel verði hugmyndin útfærð frekar og lagt mat á kostnað.

4.1.2 Bæta snjóhreinsun gönguleiða, stoppistöðva og rúrustæða í miðborg

Fjölmargar kvartanir berast frá borgarþúum vegna þess að þegar búið er að ryðja gönguleið, þá er snjó rutt af götunni og út á gangstéttina eða biðstöðina svo hún verður aftur ófær. Þetta er oft sérstaklega áberandi við gönguþveranir og miðeyjur þeirra. Nær ómögulegt er að koma í veg fyrir þetta með skipulagningu fyrstu daga eftir að það snjóar, því aðstæður eru svo margbreytilegar þegar snjóar og einnig eru afköst tækja í hreinsun göngustíga og gatna mjög ólík og tíðni yfirferða mismunandi. Snjóhreinsunartæki leggja höfuðáherslu á að opna umferðarleiðir, síðan þegar þær er komnar í þokkalegt ástand, þá ryðja þeir þær betur og breikka. Þá vill oft verða svo að gangstéttar, stoppistöðvar og gönguþveranir sem hafa verið ruddar, lokast aftur.

Í dag sinnir Reykjavíkurborg vetrarþjónustu hjólastíga að stærstum hluta með eigin tækjum og mannafla. Fjöldi starfsmanna sem sinna þjónustunni hefur staðið í stað og í mikilli snjókomu má lítið út af bera ef tryggja á áreiðanleika þjónustunnar og að þjónustustigi hjólastíga sé fullnægt í ört stækkandi borg.

Að auki, þá er mikið er af hótélum í miðborginni. Rútum er almennt bannað að þjónusta ferðamenn við hótelin í miðborginni og þess vegna voru sérstök rúrustæði gerð þar sem ferðamenn eru sóttir. Þessi rúrustæði hafa ekki verið í vetrarþjónustu borgarinnar en nauðsynlegt er að fella þau undir þjónustuna og setja í forgang vegna þess að ferðamenn eru t.d. mjög oft á ferðinni seinni hluta nætur til að komast í flug.

Í þjónustuhandbók Reykjavíkurborgar er ekki fjallað sérstaklega um snjóhreinsun gönguþvera að öðru leiti en þær eru hluti af snjóhreinsun göngu- og hjólaleiða. Um biðstöðvar gildir að þær eigi að vera hreinar og hákulausar á sama tímabili og bifreiðastæði stofnanalóða. Ekki er skilgreindur hreinsunartími fyrir biðstöðvar eða við hvaða aðstæður þær eru hreinsaðar. Biðstöðvar í Reykjavík eru rúmlega 500 talsins, þar af eru um 130 sem eru með vasa. Rúrustöðvar í miðborg eru heldur ekki nefndar í þjónustuhandbók enda ný af nálinni. Slík stæði eru 13 talsins í miðborginni.

Aðgerðir

4.1.2.1 Lagt er til að útfæra vetrarþjónustu á þann hátt að gönguþveranir á stígum í forgangi 1 og 2 verði lausar við snjóruðninga innan 48 klst. frá síðustu snjókomu (allt að 15 cm að snjódýpt).

4.1.2.2 Lagt er til að biðstöðvar og rúrustöðvar verði hreinsaðar af snjó innan 48 klst. frá síðustu snjókomu (allt að 15 cm snjódýpt). Gert er ráð fyrir ekki verði farið af stað að hreinsa biðstöðvar fyrr en búið er að hreinsa stofngötur og tengivegi.

4.1.2.3 (Skammtímaaðgerð) Lagt er til að tæki sem nýlega voru bundin í samning fyrir snjóhreinsun stofnanalóða séu notuð til þess að hreinsa stoppistöðvar, rúrustöðvar og gönguþveranir

(eins og við á) eftir að snjóhreinsun stofnanalóða lýkur. Fylgst skal með framvindu s.s. mæla tíma sem tekur að sinna þjónustunni og árangur metinn m.v. mismunandi tækjabúnað. Kostnaðarauki vegna þessa er áætlaður um 5 milljónir króna veturinn 2023.

4.1.2.4 Byggt á reynslu aðgerðar 4.1.2.3 er lagt til að skoða þann möguleika að bjóða sérstaklega út snjóhreinsun biðstöðva og rútustöðva í miðborginni. Sé það gert, er áætlað að kostnaðarauki gæti orðið allt að 15 milljónir á ári (vegna kröfu um viðveru tækja).

4.1.2.5 Lagt er til að stöðugildum sé fjölgað í dráttarvélardeild borgarinnar til að tryggja áreiðanleika í vetrarþjónustu á hjólastígum borgarinnar. Áætlað er að kostnaðarauki verði um 35 milljónir á ári.

4.1.3 Skilgreina verklag í tengslum við klakamyndun á hituðum götum

Í miðborginni eru fjölmargar götur upphitaðar, þar á meðal Laugarvegur og Skólavörðustígur, þar sem mikil umferð gangandi og hjólandi er að sækja þjónustu og verslun. Eðli málsins samkvæmt, þá eru upphitaðar götur og gönguleiðir ekki í reglubundinni vetrarþjónustu. Aftur á móti, þegar það snjóar í miklu frosti þá ráða hitakerfin ekki við að bræða snjóinn og getur þá myndast klaki. Getur þetta valdið hættu, þá sérstaklega fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Meðal lausna til að draga úr hálfu þar sem snjórinn hefur þjappast er að dreifa sandi en einnig þarf að huga að snjóhreinsun og söltun. Síðastliðinn desember komu upp slíkar aðstæður í miðborg Reykjavíkur þegar mikill klaki myndaðist á gönguleiðum á miðborgarsvæðinu.

Aðgerðir

4.1.3.1 Lagt er til að fjalla um vetrarþjónustu á hituðum götum í þjónustuhandbók vetrarþjónustu og skilgreina verklag um söndun, söltun og snjóhreinsun eða aðrar viðeigandi aðferðir til að draga úr líkum á klakamyndun.

4.1.3.2 Lagt til að upplýsa verslunareigendur í miðborginni í hvaða aðstæðum klakamyndun á sér stað svo þeir geti brugðist við og dreift sandi eða salti fyrir utan verslanir sínar. Þannig má draga úr slyshættu viðskiptavina og annarra gangandi vegfarenda vegna hálfu.

4.1.4 Finna lausn á vetrarþjónustu gönguleiða í Vesturbæ og Þingholtunum

Fjölmargar gangstéttir á miðborgarsvæðinu eru mjög þröngar og henta ekki hefðbundnum snjóhreinsunartækjum. Við þetta bætist að oft skarast tröppur út sem gera tækjunum nær ómögulegt fyrir að hreinsa snjó með öðrum hætti en handmökstri. Hreinsun stíga er hvað erfiðastur í Þingholtum og Vesturbæ en þar eru gönguleiðir ekki í reglubundinni þjónustu. Sjá má yfirlitskort af forgangi stíga í miðborginni hér að neðan.



MYND 5 Kort af þjónustuflokkum gatna í miðborginni. Sjá má að hluti gatna í Þingholtunum og Vesturbænum eru ekki í neinum skilgreindum þjónustuflokki og þar með ekki í reglubundinni vetrarþjónustu.

Aðgerðir

- 4.1.4.1 Lagt er til að framkvæma markaðskönnun um vetrarþjónustu gönguleiða í Þingholtum og Vesturbæ. Leggja skal mat á hvort markaðurinn býr yfir tækjakosti til að geta sinnt þjónustunni með góðu móti. Í framhaldi verði skoðaðir kostir og gallar við að bjóða út vetrarþjónustu gönguleiða í Þingholtum og Vesturbæ í samanburði við að borgin kaupi tæki og sinni vetrarþjónustunni. Kostnaður við þessa aðgerð er óviss enda þarf að áætla fjölda tækja sem þarf og af hvaða gerð þau tæki eru, hvort sem um ræðir í útboði eða til kaupa með fjárfestingu og þeim rekstri sem fylgir þeirri leið.
- 4.1.4.2 Útfæra í þjónustuhandbók vetrarþjónustu með nánari hætti hvernig stígum á þessu svæði verður sinnt.
- 4.1.4.3 Snjóbræðsla hentar best þar sem ekki er hægt að sinna vetrarþjónustu með hefðbundnum snjóhreinsunartækjum. Skoða þarf kosti, galla og kostnað við að setja hitakerfi í valdar gönguleiðir á þessu svæði á næstu árum t.d. samfara endurnýjun gatna og gönguleiða.

4.1.5 Endurskoða verklag í tengslum við snjómokstur

Snjómokstur er snjóhreinsun ásamt ámokstri á bíla og brottflutningi á losunarstað. Staðið er oftast að snjómokstri í miðborginni þar sem þar eru götur sem ekki hafa rými fyrir snjóruðning og því verður að aka honum á brott. Það sama á við í þéttingarreitum þar sem oft er lítið sem ekkert rými fyrir snjóruðninga. Í þjónustuhandbók vetrarþjónustu er lítið fjallað um snjómokstur en fyrir götur í þjónustuflokki 1 og 2 er fjallað sérstaklega um að útsýni á gatnamótum skal ekki takmarkast af snjóruðningi lengur en í einn sólarhring að hámarki. Í gegnum tíðina hefur vetrarþjónusta borgarinnar framkvæmt snjómokstur þegar snjókoma hefur verið mikil þ.e. yfir 20 cm og umhleyppingar ekki í augnsýn.

Losunarstöðum fyrir snjó hefur fækkað á síðustu árum og við það hafa akstursvegalengdir aukist. Mikilvægt er spara akstur stórra bíla eins og unnt er. Ef utanaðkomandi aðilar vilja aðgengi að losunarstöðum borgarinnar þarf að sækja um afnotaleyfi.

Aðgerðir

- 4.1.5.1 Lagt er til að skilgreina verklag í tengslum við snjómokstur í þjónustuhandbók vetrarþjónustu.
- 4.1.5.2 Lagt er til að athuga kosti þess að setja snjóbræðslu í götukassa þéttingareita þar sem lítið rými er fyrir snjóruðninga.
- 4.1.5.3 Lagt er til að finna og fá tilskilin leyfir fyrir losunarstaði til framtíðar innan borgarmarka eða í næsta nágrenni. Með fleiri losunarstöðum má stytta akstursvegalengdir, auka afköst og samhliða er dregið úr kostnaði og mengun. Eins þarf að skoða aðgengisstýringu að losunarstöðum þ.e. hvort og/eða hvernig utanaðkomandi verktakar fá aðgengi að þeim.

4.1.6 Þjónustustig taki mið af magni snjókomu

Þjónustuhandbókin vetrarþjónustu er lykilinn af vetrarþjónustu borgarinnar. Skilgreint þjónustustig ræður því hvenær vetrarþjónusta er virkjuð og hver hreinsunartími skal vera, ásamt öðrum skilgreindum þjónustupáttum. Þjónustuhandbókin nær vel utan um „venjulega“ snjókomu þ.e. þegar það snjóar einn dag í senn og snjódýpt undir 15 cm að dýpt. Aftur á móti, þegar snjókoma er veruleg á einum degi (yfir 15 cm snjódýpt) eða þegar það snjóar samfellt í marga daga, þá „virkar“ ekki þjónustuhandbókin og ekki er hægt að uppfylla viðmið um hreinsunartíma. Endurskoða þarf þjónustuhandbókina með það að leiðarljósi að þjónustustig endurspegli magn snjókomunnar sem verður hverju sinni og móta verklag þar um.

Aðgerðir

- 4.1.6.1 Lagt er til breyta þjónustuhandbókinni á þann veg að snjóhreinsun taki mið að magni snjókomunnar. Þannig verði hreinsunartími mismunandi eftir því hver snjódýptin mælist við jafnfallna snjókomu. Lagt er til að skilgreina fjórar tegundir snjóveðra, byggt á snjódýpt:

- Snjóveður 1: Allt að 5 cm jafnfallinn snjór
- Snjóveður 2: 5-15 cm jafnfallinn snjór
- Snjóveður 3: 15-25 cm jafnfallinn snjór
- Snjóveður 4: 25-50 cm jafnfallinn snjór
- Snjóveður 5: yfir 50 cm jafnfallinn snjór

Fyrir hverja tegund snjóveðurs hefur verið lagður til hreinsunartími fyrir hvern þjónustuflokk. Hreinsunartíminn er að jafnaði stystur fyrir snjóveður 1 en lengstur fyrir snjóveður 5.

Með skýrslunni fylgir tillaga að uppfærðu yfirliti þjónustuflokka (sjá kafla 4.2) þar sem sjá má fyrstu tillögu að mismunandi hreinsunartímum byggt á ofangreindum snjóveðurstegundum.

4.1.6.2 Lagt er til að útboðssamningar verði aðlagðir að breyttu þjónustustigi eins og því er viðkomið.

4.1.7 Stuðla að því væntingar séu í takti við það þjónustustig sem unnið er eftir

Eitt er að endurskoða þjónustuhandbók vetrarþjónustu og annað er að stuðla að því almenningur skilji hvernig hún hefur áhrif á vetrarþjónustu. Það getur sparað fjölmörg símtöl og ábendingar til þjónustuvers Reykjavíkurborgar ef hægt er að koma vel á framfæri hvernig vetrarþjónustan starfar og hvaða þjónustuviðmiðum er unnið eftir hverju sinni. Dæmi um vel heppnaða miðlun upplýsinga er veðurviðvaranakerfi Veðurstofunnar en flestir þekkja merkingu gulra, appelsínugulra og rauðra viðvarana.

Aðgerð

4.1.7.1 Lagt er til að unnið verði að bættri upplýsingagjöf í samstarfi við skrifstofu þjónustu og samskipta þar sem horft verði til eftirfarandi þátta:

- Hvernig best er að koma á framfæri því þjónustustigi sem unnið er eftir hverju sinni byggt á tegund snjóveðurs s.s. hvort vænlegt sé að nota litakóða eða koma upplýsingum með öðrum hætti áleiðis.
- Útbúa einfalt og skýrt kynningarefni um fyrirkomulag vetrarþjónustu borgarinnar sem hægt er að miðla til almennings.
- Framkvæma reglulegar þjónustukannanir um vetrarþjónustu. Með því að spyrja borgarbúa um væntingar og upplifun þeirra, er hægt að mæla hvort betrubætur í vetrarþjónustu skili sér í aukinni ánægju. Að sama skapi er lagt til að nota þjónustukannanir til að kanna að hvaða leyti borgarbúar eru upplýstir um verklag og þjónustustig sem unnið er eftir hverju sinni.
- Innleiða markvissan óveðursviðbúnað í vetrarþjónustu, sjá nánar aðgerð 4.1.8.



MYND 6 Dæmi um hvernig Reykjavíkurborg hefur komið áleiðis upplýsingum um vetrarþjónustu á samfélagsmiðlum.

4.1.8 Innleiða markvissan óveðursviðbúnað í vetrarþjónustu

Í þjónustuhandbókinni er sérstaklega fjallað um óveðursviðbúnað en það á við þegar von er á ófærð, mikilli snjókomu eða skafrenningi og er þá gefin út tilkynning um óveðursviðbúnað. Öll viðverutæki eiga þá að vera undirbúin til hálkueyðingar og snjóhrensunar en jafnframt skal stjórnendum allra viðbótartækja, vinnuvéla og vörubifreiða gert viðvart til að þeir geti brugðist skjótt við ef um útkall verður að ræða. Oft er það þó þannig að óveður hafa mismikil áhrif á samgöngur en aðstæður geta verið þannig að forgangsraða þurfi vetrarþjónustu þar sem aðgerðir þurfa að beinast að ákveðnum svæðum. Á Íslandi eru stormar tíðir og þá geta loftslagsbreytingar kallað oftar á öfga í veðri.

Aðgerðir

4.1.8.1 Lagt að núverandi verklag um óveðursviðbúnað sé endurskoðað og tengt betur veðurviðvarakerfi Veðurstofunnar og samhæft við viðbragðsstig almannavarna á höfuðborgarsvæðinu. Þannig megi miðla betur upplýsingum til almennings. Hér er dæmi um hvernig vetrarþjónustuna og færð getur verið tengt við litakóða veðurviðvarkerfi Veðurstofunnar:

- **Gul viðvörðun** – Lágmarks samgöngutrúflun. Aðgerðar ekki þörf nema sérstakar aðstæður komi upp.
- **Appelsínugul viðvörðun** – Líkur á verulegum samgöngutrúflunum. Aðgerða þörf með því að beina vetrarþjónustu á ákveðin svæði eða hverfi eða takmarkaðar lokanir gatna eða götukafila. Stjórnandi vetrarþjónustu hefur viðveru í þjónustumiðstöð og stýrir aðgerðum þaðan. Fólk hvatt til að vinna heima.
- **Rauð viðvörðun** - Líkur á miklum samgöngutrúflunum. Aðgerða þörf á ákveðnum svæðum/hverfum/hverfahlutum eða lokun gatna, götukafila eða gatnakerfis. Stjórnandi vetrarþjónustu hefur viðveru í Aðgerðastöð almannavarna (AST) og stýrir aðgerðum þaðan. Fólk hvatt til að vinna heima.

4.1.9 Bæta verklag við snjóhrensun í samstarfi við þá verktaka sem henni sinna

Flækjustig við snjóhrensun er talsvert og er til að mynda mikið kvartað yfir því að snjó sé rutt af götum og yfir göngu- og hjólaleiðir. Oft er það óhjákvæmilegt og háð borgarumhverfinu hverju sinni hvar hægt er að koma fyrir snjóruðningum. Aftur á móti þá eru mörg dæmi um aðstæður sem koma mætti í veg fyrir slíkt, s.s. myndun snjógarða á biðstöðvum strætó. Þá er hægt að skoða betur með verktökum í hvaða tilvikum er hægt að ryðja snjó aðeins öðru megin í götunni. Í öllum útboðssamningum borgarinnar um vetrarþjónustu eru ákvæði um að samráðsfundi með verktökum.

Aðgerðir

4.1.9.1 Skoða og skilgreina götur og svæði þar sem nauðsynlegt er að skilja ekki eftir snjóruðning, moka snjó burt eða blása honum á vörubíl eða til hliðar. Meginreglan skal vera að setja snjóruðninga ekki á gagnstéttir. Skoðað verði til hins ýtrasta hvernig koma megi í veg fyrir að myndun snjóruðninga á gönguleiðum nema í undantekningartilfellum. Lagt er til að gera kort af þeim svæðum og stígum sem ekki á að skilja eftir snjóruðning.

Í framhaldi er viðeigandi verklag skilgreint um vetrarþjónustu viðkomandi gatna eða svæða og kostnaður metinn ef við á. Verklag verði svo kynnt verktökum.

4.1.9.2 Lagt er til nýta betur ákvæði um samráðsfundi með verktökum þar sem farið er yfir helstu ábendingar sem berast frá íbúum og í framhaldi vinna með verktökum að úrlausnum.

4.1.10 Efla samstarf við sveitarfélög og Vegagerðina

Eins og kom fram fyrr í þessari skýrslu, þá hefur Reykjavíkurborg átt samráð við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina og átti samtöl við alla aðila eftir síðasta vetur. Tækifæri eru til að efla samstarf milli sveitarfélagana og skoða nánar ýmsa þætti vetrarþjónustunnar.

Aðgerðir

4.1.10.1 Reykjavíkurborg hafi forgöngu um að koma á forbundnu samráði við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina, ásamt þess að eiga samtöl við aðra hagsmunaaðila eftir þörfum.

4.1.10.2 Reykjavíkurborg skoði í samstarfi við sveitarfélög og Vegagerðina tækifæri sem felast í tæknimálum, sameiginlegu eftirliti- og útkallsþjónustu, sameiginlegu útboði eða kröfum á vetrarþjónustu stofnstíga hjólréiða.

4.1.11 Efla eftirlit í vetrarþjónustu

Skipta má eftirliti í vetrarþjónustu tvo þætti; annars vegar eftirlit með færð á vegum og hins vegar eftirlit með framkvæmd vetrarþjónustunnar. Til að efla vetrarþjónustu er mikilvægt að efla reglubundið eftirlit með framkvæmd vetrarþjónustu en jafnframt er nauðsynlegt að tryggja eftirlit með færð á vegum allan sólarhringinn og geta átt samskipti við verktaka á hvaða tíma sem er.

Ávinningur með öflugum eftirliti á ástandi vega fellst í áreiðanlegri viðbragði vetrarþjónustu við hálfu og snjó á hvaða tíma innan sólahringsins. Öflugra eftirlit með framkvæmd vetrarþjónustu er bæði til þess falið að athuga hvort snjóhreinsun sé sinnt eins og farið er fram á í útboðssamningum, sem og að tryggja samræmd vinnubrögð milli verktaka. Öll ökutæki sem sinna snjóhreinsun eru með ferilvöktunarbúnað.

Aðgerðir

4.1.11.1 Ráða inn eftirlitsmenn í vetrarþjónustu sem sinna eftirliti allan sólarhringinn. Hlutverk eftirlitsmanna er að tryggja sólahringsvöktun á færð vega sem og að hafa það hlutverk að fylgjast með verklagi og framgangi vetrarþjónustu (vinna verktaka og eigin vinna

borgarinnar) á vettvangi í borgarlandi. Áætlaður kostnaðarauki vegna fjölgun eftirlitsmanna er áætlaður um 50 milljónir á ári.


- 4.1.11.2 Gera reglulegar úttektir á snjóhreinsun á vettvangi. Úttektir verði gerðar á öllum þjónustuflokkum vetrarþjónustunnar þ.e. götur, stígar, biðstöðvar og bílastæði stofnanalóða.
- 4.1.11.3 Gerð verði úttekt á viðbragði og vinnuferli tækja út frá ferilvöktunargögnum. Horft verði til þátta eins og viðbragðstíma, óútskýrð stopp eða hlé á akstri.

4.1.12 Nota tæknina til hins ýtrasta til að stuðla að bættri upplýsingagjöf og mæla árangur

Reykjavíkurborg notar ferilvöktunarkerfið í dag til að sinna eftirliti og uppgjöri verka. Tækifæri felast í því að nýta betur ferilgögn frá snjóhreinsunartækjum til þess að bæta upplýsingagjöf til borgarbúa en jafnframt er hægt að nýta sömu gögn til þess að mæla þjónustustig og þróun mála hverju sinni. Yfir stendur vinna hjá Reykjavíkurborg að birta í rauntíma stöðu á snjómokstri stíga á borgarvefsjá.

Aðgerðir

- 4.1.12.1 Lagt er til að nota ferilvöktunargögn til að sýna fram á framvindu hverju sinni í rauntíma á borgarvefsjá. Eins og fram hefur komið, stendur vinna yfir að birta í rauntíma stöðu á snjóhreinsun stíga. Með sama hætti er lagt til að útfæra rauntíma stöðu á snjóhreinsun gatna.



MYND 7 Skjáskot af upplýsingasíðu í Toronto sem sýnir framvindu vetrarþjónustu á hverjum tíma. [PlowTo Map Toronto](#).

- 4.1.12.2 Kanna kosti þess og galla að nota stafrænar aðferðir til að segja fyrir um t.d. staðbundna hálkumyndun í borgarlandi sem hjálpa til við ákvörðun um útköll og framkvæmd forvirkra aðgerða í vetrarþjónustu.
- 4.1.12.3 Lagt er til að nota ferilvöktunarpplýsingarnar til að mæla hvort verið sé að mæta samsvarandi þjónustustigi hverju sinni. Með því að mæla hreinsunartíma fyrir hverja tegund snjókomu er hægt að meta betur hvort tækjafjöldi sé fullnægjandi og/eða bregðast við eftir þörfum.
- 4.1.12.4 Lagt er til að skoða hvernig hægt er að tryggja að öll tæki séu með virkan ferilvöktunarbúnað til að tryggja áreiðanleika ferilvöktunargagna. Það gæti t.d. verið gert með að virku eftirliti með virkni ferilvöktunarbúnaðar í hverju tæki.

4.1.13 Endurskoðun á útboðssamningum

Stærsti hluti vetrarþjónustu borgarinnar er í verktöku og því skiptir máli að vanda vel til verka. Útboðssamningar hafa verið með sambærilegu sniði undanfarin ár þar sem borginni er skipt upp í nokkur útboðssvæði. Nauðsynlegt er að rýna reglulega útboðsgögn til að tryggja hagkvæmni og skilvirkni. Með endurskoðaðri þjónustuhandbók er einnig mikilvægt að kanna hvort núverandi útboðsform samræmist áætluðu þjónustustigi.

Aðgerðir

- 4.1.13.1 Lagt er til að skoðaðir verði hvaða möguleikar eru á mismunandi útboðsformum sem hentað gæti fyrir vetrarþjónustu - hvaða nýsköpun hefur orðið sem gæti nýst í útboðsgerð í samvinnu við Innkaupaskrifstofu. Mikilvægt er að skoða nýsköpun í útboðsformum og alla mögulega hagræðingar í tengslum við viðveru ökutækja s.s. hvort ástæða sé til að fækka tækjum í viðveru í byrjun og lok vetrar, og fjölga útboðssvæðum til að auka samkeppni.
- 4.1.13.2 Lagt er til að skrifstofa borgarlands kynni sér útboðsform erlendis frá og kanna hvort þar megi finna skilmála sem hægt er að læra af.
- 4.1.13.3 Lagt er til að skoða hvernig tengja megi betur samninga við þjónustustig – sjái verktaki ekki fram á að klára snjómokstur innan þess hreinsunartíma sem unnið er eftir, þá getur Reykjavíkurborg brugðist við. Til dæmis þarf að skoða ákvæði þess efnis í útboðsgögnum að verkkaupi geti sent verktaka á önnur svæði en það hverfi sem hann er samningsbundinn við.

4.1.14 Rýni vetrarþjónustu í nýju skipulagi og við endurhönnun gatna

Mikið uppbyggingarskeið er framundan á höfuðborgarsvæðinu þar sem bæði er verið að skipuleggja ný hverfi sem og einstaka þéttingarreiti. Þá verða einstaka götur endurhannaðar s.s. vegna uppbyggingu Borgarlínu, lagningu aðskildra hjólastíga eða vegna almennra viðgerða. Dæmi eru um að á nýjum uppbyggingarreitum er lítið svigrúm fyrir snjóruðninga sem kallar á aukinn flutning snjós frá svæðum.

Aðgerðir


- 4.1.14.1 Lagt er til að skoða hvaða atriði það eru sem eru mikilvæg við hönnun gatna og stíga m.t.t. vetrarþjónustu.
- 4.1.14.2 Lagt er til að tilgreina í skipulagsvinnu nýrra hverfa og svæða hvar hægt sé að geyma/losa snjó.
- 4.1.14.3 Lagt er til að Reykjavíkurborg taki stefnumarkandi ákvörðun um hvenær æskilegt er að gera ráð fyrir snjóbræðslu. Almennt hentar snjóbræðsla vel þegar mikið erum gangandi og hjólandi umferð, sem og þegar götukassinn er þröngur og erfitt er að koma fyrir snjómoksturstækjum t.d. í þéttingareitum byggðarinnar.

4.1.15 Bæta móttöku og svörun ábendinga

Móttaka og svörun ábendinga með skjótum hætti er mikilvæg fyrir borgarbúa. Ábendingarkerfi borgarinnar er gott að því leiti að borgarbúar geta merkt ábendingu á kort s.s. með því að virkja staðsetningu sína á snjalltæki sínu sem og sent með myndir. Mikilvægt er að skoða hvernig ábendingakerfið geti orðið enn skilvirkara en síðast liðinn vetur bárust yfir 3.000 ábendingar í tengslum við vetrarþjónustu. Í dag berast ábendingar sem varða vetrarþjónustu ekki beint til þeirra sem henni sinna nema eftir yfirferð frá þjónustufulltrúum Reykjavíkurborgar. Þá berst oftár en ekki fleiri en ein ábending vegna sama máls.

Aðgerðir

- 4.1.15.1 Lagt er til að skoðað verði hvernig hægt er að koma ábendingum sem berast þjónustuveri með hröðum og skilvirkum hætti til eftirlitsmanns og þess sem sinnir vetrarhreinsuninni.
- 4.1.15.2 Lagt er til að skoða möguleika þess að borgarbúar geta séð á ábendingarvef borgarinnar hvort búið sé að senda inn skilaboð um sömu ábendingu. Oft berast nokkrar ábendingar um sama málið.



MYND 8 Skjáskot af ábendingakorti á vefssíðu Mosfellsbæjar sem íbúar notast við innsendingu ábendinga. Þar geta íbúar séð hvar er búið að senda inn ábendingu.

4.1.16 Skoða fýsileika á forvirkum aðgerðum til að koma í veg fyrir snjósöfnun

Nokkrar götur í efri byggðum Reykjavíkurborgar safna oft miklum snjó, sérstaklega í skafrenningi þar sem götur geta orðið snjóþungar á skömmum tíma. Dæmi um slíkar götur eru Víkurvegur, Lambhagavegur og Korpúlfsstaðavegur.

Aðgerðir

- 4.1.16.1** Tilraunaverkefni - Lagt er til að skoða hvort hægt sé að standa að forvirkum aðgerðum á götum sem safna miklum snjó. Tilgreind væri gata/götur þar sem hægt væri að prófa slíkar aðgerðir t.d. uppsetningu veggja eða aðra snjóvarna til að draga úr snjósöfnun og árangur metinn.

4.2 Endurskoðuð þjónustuhandbók

Endurskoða þarf þjónustuhandbók samhliða innleiðingu ofangreindra aðgerða. Yfirlit yfir fyrstu tillögu að breytingu þjónustustigs fyrir alla þjónustuflokka vetrarþjónustunnar má finna í viðauka A. Breytingarnar endurspeglar bætt þjónustustig og væntingar sem gerðar eru til vetrarþjónustunnar í samræmi við umfjöllun að ofan. Stefnt er að ný útgáfa þjónustuhandbókarinnar verði tilbúin næsta haust og unnið verði eftir henni veturinn 2023-2024.

5 HEIMILDASKRÁ

- [1] Reykjavíkurborg „Vetrarþjónusta Þjónustuhandbók USK – Útgáfa 5“, Umhverfis- og skipulagssvið, 2020. Aðgengilegt á: [14872 fylgiskjal 1 - vetrarþjónusta - þjónustuhandbok utgafa 05.pdf \(reykjavik.is\)](#)

VIÐAUKI A DRÖG AÐ BREYTTU ÞJÓNUSTUSTIGI FYRIR VETRARÞJÓNUSTU REYKJAVÍKURBORGAR

ÞJÓNUSTU- FLOKKUR	ÞJÓNUSTUTÍMI		VIÐBRAGÐS TÍMI	HREINSUNAR TÍMI (upp að 5 cm)	HREINSUNAR TÍMI (milli 5-15 cm)	HREINSUNAR TÍMI (milli 15-25 cm)	HREINSUNAR TÍMI (milli 25-50 cm)	HREINSUNAR TÍMI (yfir 50 cm)	MINNSTA SNJÓDÝPT	MESTA SNJÓDÝPT
	VIRKIR DAGAR	HELGAR								
	kl.	kl.	klst.	klst.	klst.	klst.	klst.	klst.	cm	cm
GÖTUR										
1	04-23	04-04	0,5	2	2	2-3	2-3	3-4	2	5
2	04-23	04-23	0,5	3	3	6	8	14	5	10
3	08-18	04-23	1		48	72	96	120	10	15
4	Hitaðar götur									
GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR										
1a	04-17	7:30-16	0,5	3	3	6	9	12	1	5
1	04-17	7:30-16	0,5	4	4	24	24	24	3	10
2	07-17	7:30-16	1	5	5	48	48	72	5	15
3	Unnið ef þjónustuflokkar 1 og 2 eru í lagi									
4	Stígar ekki í reglubundinni þjónustu									
5	Hitaðir stígar									
STOFNANALÓDIR										
Forgangur	04-17			4	4	8	24	24	2	5
STRÆTÓSKÝLI (OG ÞVERANIR)										
	04-17			48	48	72	72	72	2	
TRÖPPUR OG ÖNNUR SÉRVERKEFNI										
Sinnt eftir atvikum út frá ábendingum íbúa eða starfsfólks										

VIÐAUKI B YFIRLIT AÐGERÐA – TÍMI INNLEIÐINGAR OG KOSTNAÐARMAT

Kostnaður hefur verið áætlaður fyrir framkvæmd aðgerðanna. Sumar aðgerðirnar kalla fram árlegan kostnaðarauka í rekstri vetrarþjónustu meðan annar kostnaður fellur til einu sinni vegna einskiptisaðgerða. Kostnaðarmatið á að ná utan um vinnu verktaka, ráðgjafa, framkvæmdar- og þróunarkostnað. Gert er ráð fyrir að flestar aðgerðirnar verða unnar af borgarstarfsmönnum og kölluð til ráðgjöf sérfræðinga eftir þörfum. Sumar tillögurnar eru þess fólgnar að þær geta framkallað sparnað og í tilvikum umhverfislegan ávinning, og verður fært betra mat á slíkan ávinning þegar aðgerðirnar hafa verið útfærðar nánar. Vetraraðstæður eru mjög breytilegar milli ára og því oft erfitt að leggja mat á kostnað með miklu öryggi sem snýr að vinnu verktaka við vetrarþjónustu.

TILLAGA/AÐGERÐIR	LÝSING	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR (M.KR.)	TÍMI INNLEIÐINGAR
4.1.1	Hækka þjónustustig húsagatna við snjóhreinsun		
4.1.1.1	Hreinsa húsagötur við 10 cm snjódýpt	3 á ári	2023
4.1.1.2	Fjölga tækjum til að hreinsa húsagötur innan 48 klst (allt að 15 cm snjódýpt)	75 á ári	2023
4.1.1.3	Fjölga tækjum til að sinna snjóhreinsun veturinn 2023	5 Einskiptisaðgerð	2023
4.1.1.4	Tilraunaverkefni - hefja snjóhreinsun í húsagötum á sama tíma og safngötur	1,5 Einskiptisaðgerð	2023-2024
4.1.1.5	Tilraunaverkefni - salta húsagötur eftir snjóhreinsun	1 Einskiptisaðgerð	2023-2024
4.1.2	Bæta snjóhreinsun gönguleiða, stoppistöðva og rútustæða í miðborg		
4.1.2.1	Gönguþveranir á stígum í forgangi 1 og 2 lausar við snjó innan 48 klst (allt að 15 cm snjódýpt)	5 á ári	2023-2024
4.1.2.2	Biðstöðvar verði hreinsaðar af snjó innan 48 klst (allt að 15 cm snjódýpt)	5 á ári	2023-2024
4.1.2.3	Samnýta tæki við snjóhreinsun stofnanalóða að hreinsa stoppistöðvar veturinn 2023.	5 Einskiptisaðgerð	2023
4.1.2.4	Bjóða út snjóhreinsun biðstöðva og rútustöðva	15 á ári	2023
4.1.2.5	Fjölga stöðugildum í dráttarvéladeild	35 á ári	2023
4.1.3	Skilgreina verklag í tengslum við klakamyndun á hituðum götum		
4.1.3.1	Skilgreina verklag í þjónustuhandbók vetrarþjónustu	1 Einskiptisaðgerð	2023
4.1.3.2	Upplýsa verslunareigendur um klakamyndun	0,5 Einskiptisaðgerð	2023
4.1.4	Finna lausn á vetrarþjónustu gönguleiða í Vesturbæ og Þingholtunum		
4.1.4.1	Framkvæma markaðskönnun og nánari skoðun á útfærslu vetrarþjónustu gönguleiða.	1,5 Einskiptisaðgerð	2023
4.1.4.2	Útfæra vetrarþjónustu gönguleiða í þessum hverfum í þjónustuhandbók vetrarþjónustu	0,5 Einskiptisaðgerð	2023

TILLAGA/AÐGERÐIR	LÝSING	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR (M.KR.)		TÍMI INNLEIÐINGAR
4.1.4.3	Skoðun á hvenær þörf er á hitakerfi/snjóbræðslu fyrir gönguleiðir.	1	Einskiptisaðgerð	2023
4.1.5	Endurskoða verklag í tengslum við snjómokstur			
4.1.5.1	Skilgreina verklag um snjómokstur í þjónustuhandbók vetrarþjónustu	1	Einskiptisaðgerð	2023
4.1.5.2	Athuga kosti að setja snjóbræðslu í þéttingarreiti	1,5	Einskiptisaðgerð	2023
4.1.5.3	Finna og fá leyfi fyrir losunarstaði	2,5	Einskiptisaðgerð	2023
4.1.6	Þjónustustig taki mið af magni snjókomu			
4.1.6.1	Útfæra þjónustustig vetrarþjónustu svo það taki mið af mismunandi snjóveðrum	2	Einskiptisaðgerð	2023
4.1.6.2	Aðlagja útboðssamninga að uppfærðri þjónustuhandbók	1	Einskiptisaðgerð	2023-2024
4.1.7	Stuðla að því væntingar séu í takti við það þjónustustig sem unnið er eftir			
4.1.7.1	Unnið að bættri upplýsingagjöf með ýmsum hætti	2	á ári	2023-2024
4.1.8	Innleiða markvissan óveðursviðbúnað í vetrarþjónustu			
4.1.8.1	Móta og innleiða verklag um óveðursviðbúnað.	1,5	Einskiptisaðgerð	2023-2024
4.1.9	Bæta verklag við snjóhreinsun í samstarfi við þá verkataka sem henni sinna			
4.1.9.1	Skilgreina hvar ekki má skilja ruðninga eftir, hvar þarf að moka eða blása snjó í burtu.	1	Einskiptisaðgerð	2023
4.1.9.2	Nýta betur samráðsfundi með verktökum til að fara yfir ábendingar.	0,5	á ári	2023
4.1.10	Efla samstarf við sveitarfélög og Vegagerðina			
4.1.10.1	Koma á reglulegu samráði við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina.			2023
4.1.10.2	Skoða samstarfsmöguleika með sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni.	1,5	á ári	2023
4.1.11	Efla eftirlit í vetrarþjónustu			
4.1.11.1	Ráða starfsmenn í eftirlit með vetrarþjónustu	50	á ári	2023-2024
4.1.11.2	Gera úttekt á snjóhreinsun á vettvangi	0,5	vetur 2023-2024	2023-2024
4.1.11.3	Gerð verði úttekt á viðbragði og vinnuferli tækja út frá ferilvöktunargögnum.	2,5	vetur 2023-2024	2023-2024
4.1.12	Nota tæknina til hins ýrasta til að stuðla að bættri upplýsingagjöf og mæla árangur			
4.1.12.1	Nota ferilvöktunargögn til að sýna fram á framvindu snjóhreinsunar.	3	vetur 2023-2024	2023
4.1.12.2	Kanna kosti og galla starfræna aðferða til að aðstoða við ákvörðun um útköll.	0,5	vetur 2023-2024	2023
4.1.12.3	Nota ferilvöktunargögn til að mæla þjónustustig	1	vetur 2023-2024	2023-2024
4.1.12.4	Tryggja að öll tæki í vetrarþjónustu séu með ferilvöktunarbúnað.	0,5	vetur 2023-2024	2023

TILLAGA/AÐGERÐIR	LÝSING	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR (M.KR.)	TÍMI INNLEIÐINGAR
4.1.13	Endurskoðun á útboðssamningum		
4.1.13.1	Skoða nýsköpun í útboðsformum fyrir vetrarþjónustu í samvinnu við Innkaupaskrifstofu.	1	vetur 2023-2024 2023
4.1.13.2	Skoða útboðsform erlendis frá.	0,5	vetur 2023-2024 2023
4.1.13.3	Skoða hvernig hægt sé að tryggja þjónustustig með breyttum útboðsskilmálum.	0,5	vetur 2023-2024 2023
4.1.14	Rýni vetrarþjónustu í nýju skipulagi og við endurhönnun gatna		
4.1.14.1	Skoða hvaða þættir skipta máli í nýju skipulagi m.t.t. vetrarþjónustu.	1,5	vetur 2023-2024 2023
4.1.14.2	Tilgreina losunar/geymslu svæði fyrir snjó í nýju skipulagi.	0,5	vetur 2023-2024 2023
4.1.14.3	Taka stefnumótandi ákvörðun í tengslum við snjóbræðslu.	1	vetur 2023-2024 2023
4.1.15	Bæta móttöku og svörun ábendinga		
4.1.15.1	Skoða hvernig er hægt að koma ábendingum með hröðum og skilvirkum hætti til eftirlits/verktaka	0,5	vetur 2023-2024 2023
4.1.15.2	Skoða möguleika þess að borgarþúar geti séð innsendar ábendingar um snjómokstur	0,5	vetur 2023-2024 2023
4.1.16	Skoða fýsileika á forvirkum aðgerðum til að koma í veg fyrir snjósöfnun		
4.1.16.1	Tilraunaverkefni - Skoða og framkvæma forvirkar aðgerðir á götum sem safna að jafnaði miklum snjó.	3	vetur 2023-2024 2023

Áætlaður kostnaðarauki við rekstur vetrarþjónustu er áætlaður samtals **um 190 milljónir á ári.**

Áætlaður kostnaður við innleiðingu einskiptisaðgerða er áætlaður **um 45 milljónir á árunum 2023-2024.**

VIÐAUKI C ERINDISBRÉF STÝRIHÓPS



USK22090079

ERINDISBRÉF

Stýrihóps um endurskoðun vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Inngangur:

Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar felst í hálkueyðingu og snjóhreinsun gatnakerfis og göngu- og hjólaleiða borgarinnar til öryggis fyrir borgarbúa og aðra vegfarendur. Í þjónustuhandbók vetrarþjónustu er gatna- og stígakerfinu skipt niður í þjónustuflokka með tilliti til umfangs þeirrar þjónustu sem veitt er. Fyrir hvern flokk er skilgreint þjónustumarkmið og þjónustustig. Þörf er á því að endurskoða fyrirkomulag og forgangsörðun vetrarþjónustunnar með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á gatna- og stígakerfi borgarinnar undanfarin ár með það að markmiði að gera hana skilvirkari og hagkvæmari miðað við aðstæður hverju sinni.

Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu og greina hvar þörf er á breytingum til að stuðla að skilvirkari þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Hópurinn fari yfir þjónustumarkmið og þjónustustig og geri tillögu að því hvernig forgangi skuli háttáð svo samgöngur gangi eins vel fyrir sig og raunhæft er í mismunandi aðstæðum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirfara núverandi þjónustuhandbók vetrarþjónustu.
- Gera tillögu að breytingum með skilvirka þjónustu og hagkvæmni að leiðarljósi.
- Gera tillögu að forgangsörðun vetrarþjónustu.

Stýrihópin skipa:

Fulltrúi meirihluta í umhverfis- og skipulagsráði, formaður.

Fulltrúi meirihluta í umhverfis- og skipulagsráði.

Fulltrúi minnihluta í umhverfis- og skipulagsráði.

Fulltrúar frá skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshóps:

Utanaðkomandi ráðgjafi.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Þjónustuver Reykjavíkurborgar, umhverfis- og skipulagssvið; m.a. skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar, skrifstofa þjónusta og samskipta, sorphirðan.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Stýrihópurinn skili af sér tillögu að fyrirkomulagi vetrarþjónustu fyrir 2. nóvember 2022. Tillagan verði lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð.

Reykjavík, 13. september 2022

Ólöf Örvarsdóttir,
sviðsstjóri